Menntaráð Kópavogs
5. október 2026

Erindi vegna viðhalds og húsnæðisvanda í Snælandsskóla

Á skólaráðsfundi 22. sept 2026 var rætt um ástand skólans og viðhaldsframkvæmdir sem áttu að fara fram í sumar.

Skólaráð harmar það mjög að loforð um viðhaldsframkvæmdir sem gefin voru á skólaráðsfundi sl. vor með starfsfólki menntasviðs og umhverfissviði hafi ekki verið efnd. Þá var talað um að það ætti laga sprungur og aðrar skemmdir utan á skólanum, mála hann og laga eða skipta um glugga sem eru illa farnir, fúnir og jafnvel ónýtir. Allt eru þetta atriði sem ítrekað hefur verið bent á að þurfi að gera en jafn oft frestað.

Þegar skólastjóri leitaði skýringa í sumar hvers vegna ekki væri byrjað á þessum framkvæmdum fengust þau svör að umfangið hefði komið á óvart og því ekki hægt að ráðast í verkið. Ekki hafa fengist skýringar á því hvers vegna umfangið kom óvart því margoft var búið að funda um þörf á þessum framkvæmdum og erindi m.a. sent til menntaráðs í mars sl. vegna fyrri tafa. Að sögn skólastjóra hefur a.m.k. í tvígang frá því í sumar verið óskað eftir áætlun um hvenær það verði farið í þetta verkefni en ekki hafa fengist svör við því eða skýringar. Ekki hefur heldur fengist staðfesting á því að verið sé að óska eftir fjármagni til að sinna viðhaldi við skólann í tengslum við vinnu fjárhagsáætlunar næsta árs, en skólaráð óskar eftir staðfestingu á að verið sé að kalla eftir því fjármagni sem þarf svo að umfang framkvæmda við skólann komi ekki aftur á óvart næsta vor.

Rétt er að nefna að skólaráð fagnar því að breytingar hafi verið gerðar innan húss sl. sumar til að geta tekið við stórum árgangi í 1. bekk haustið 2026, en það réttlætir ekki að viðhaldsframkvæmdir sem eru löngu orðnar tímabærar hafi verið látnar sitja á hakanum. Í tvígang á síðustu árum hefur þurft að loka svæðum og álmum í skólanum til að bregðast við rakaskemmdum og myglu með tilheyrandi raski, en það hlýtur að vera markmið Kópavogsbæjar að sinna viðhaldi þannig að að skólastarf þurfi ekki að fara fram við aðstæður sem fylgja lokun svæða eða álma. Þess vegna hefur skólaráð áhyggjur af því sinnuleysi sem nú virðist ríkja í viðhaldsmálum.

Almenn viðhaldsþörf – verkefni sem ekki hafa verið leyst þrátt fyrir ítrekanir. Listinn hér að neðan var sendur til menntaráðs í mars sl. en af honum hefur verið brugðist við tveimur atriðum þrátt fyrir loforð um meira síðasta vor.

Ýmis verkefni hafa verið rædd á fundum síðustu ára og sum hver allt frá fyrri árum, án þess að þau hafi verið kláruð. Þar má nefna:

- Múrviðgerðir og málun á ytra byrði.
- Gluggar og gluggalistar eru víða farnir af fúna með tilheyrandi rakavanda og hættu á myglumyndun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026

- Margir ofnar eru komnir á tíma, farnir að ryðga og geta valdið leka. Mikilvægt er að skipta þeim út áður en vatnstjón verður, sérstaklega í eldri álmunum.
- Slæm hljóðvist er í stjórnendaálmu og vinnur gegn trúnaðarsamtölum og viðkvæmum málefnum.
- Loftaplötur eru víða úr sér gengnar og safna miklu ryki, sem hefur valdið óþægindum hjá starfsfólki.
- Nokkur rými bíða enn dúkaskipta eftir rakaskemmdir. – **Búið að laga**
- Í nýjum eða breyttum sérkennslurýmum hefur frágangur ekki verið kláraður og bráðabirgðalausnir eru enn við lýði. – **Búið að laga**
- Ein lyfta er illa staðsett og bilanatíðni há, hefur bæði áhrif á aðgengi fatlaðra og einnig nemendur sem tímabundið þurfa á henni að halda vegna slysa og/eða aðgerða.
- Vinnuaðstaða í eldhúsi/mötuneyti er allt of lítil og hefur Heilbrigðiseftirlit ítrekað gert athugasemd við það, nú síðast vor 2026.
- Snjóbræðsla framan við skólann sprakk vorið 2025 og fundað var um endurbætur á henni sama sumar en ekkert hefyr heyrst af þeim framkvæmdum síðan þá.

Húsnæðisvandi, þrengsli og tvískipting rýma – á enn við frá síðasta bréfi

Loks kallar skólaráð aftur eftir langtímaáætlun til að bregðast við þrengslum og húsnæðisvanda skólans. Nemendafjöldi hefur aukist síðustu ár umfram spár innan skólahverfis auk þess sem skólastarf í dag er skipulagt með öðrum hætti en á þeim tímum sem skólinn og viðbyggingar voru hannaðar. Innhúsbreytingar til að mynda lítil rými víða um skólann duga skammt til að mæta þeirri aukningu og þörfum í nútíma skólahaldi. Margoft er búið að benda á þennan vanda og leiðir sem skólinn hefur lagt til hafa nú, eftir umræður til margra ára, verið slegnar út af borðinu til að mæta húsnæðisvanda annarra skóla í Kópavogi sem ekki geta sinnt íþróttakennslu í sínu húsnæði. Vitað er að árgangur sem mun hefja skólagöngu næsta vetur er stór árgangur á landsvísu og ef aðsókn í Snælandsskóla verður eins og undanfarin ár, vel umfram þá sem tilheyra skólahverfinu, þá þarf að vera komin áætlun um hvernig á að taka á móti öllum sem sækja um í skólann.

- Plássleysi kallar á stöðugar bráðabirgðaaðgerðir og skammtímarými.
- Fjölmörgum rýmum hefur þurft að tvískipta eða nýta á annan hátt en upphaflega var gert ráð fyrir. Slíkt eru skammtíma reddingar og rými sem verða til henta þrátt fyrir allt illa til kennslu.
- *(Starfsmannaeldhús – var bætt sumar 2026, að hluta til á kostnað skóla en ekki Kópavogs)* en vinnurými stjórnenda þarfnast endurskoðunar þar sem núverandi aðstæður valda óþægindum og óhagræði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026

Snælandsskóli stendur frammi fyrir bæði viðhaldsverkefnum sem hafa verið ítrekuð árum saman og vaxandi húsnæðisvanda sem krefst úrbóta til lengri tíma. Þessi mál snerta öryggi nemenda, vinnuumhverfi starfsfólks og gæði skólastarfs.

Skólaráð Snælandsskóla óskar þess að menntaráð taki stöðuna alvarlega og að næstu skref verði unnin í nánu samráði við skólastjórnendur. Þá er óskað eftir skýru tímaplani og forgangsröðun þar sem öryggi og grunnþjónusta eru sett í forgang.

Ef erindið þarf að fá umfjöllun á öðrum vettvangi en í menntaráði er óskað eftir því að erindinu verði vísað áfram og skólaráð Snælandsskóla upplýst um hvert málinu verður þá vísað.

Virðingarfyllst,

F.h. skólaráðs Snælandsskóla

Brynjar Ólafsson
Skólastjóri

Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir
Formaður foreldrafélags Snælandsskóla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 04.11 2026